

Orkufjarskipti hf.  
Benedikt Haraldsson,  
verkefnastjóri  
Krókhálsi 5c  
110 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. október 2013  
Tilvísun: UST20130900208/bs

**Ljósleiðaralögn - frá tengivirki Landsnets á Teigarhorni að símsstöð Mílu á Djúpavogi.  
Leyfi til framkvæmda innan fólkvangsins Teigarhorns.**

Vísað er til bréfs Orkufjarskipta dags. 19. september sl. þar sem óskað er leyfis Umhverfisstofnunar til lagningar ljósleiðara frá tengivirki á Teigarhorni að símsstöð við Djúpavog.

Framkvæmdin er að hluta innan Fólkvangsins Teigarhorn sem friðlýstur var með auglýsingu í Stjórnartíðindum b nr. 416/2013. Í auglýsingunni segir m.a. í 8. gr. að framkvæmdir innan fólkvangsins skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndar- og stjórnunaráætlun, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar.


Umhverfisstofnun veitir hér með leyfi fyrir framkvæmdinni með eftirfarandi skilyrðum.


- Að frágangur framkvæmdarinnar verði vandaður.
- Að framkvæmdin fari fram á þeim tíma sem land er þurrast.
- Að tilkynnt verði þegar framkvæmdum er lokið. Úttekt Umhverfisstofnunar mun fara fram ári eftir að framkvæmdum lýkur til að tryggja verði að frágangur sé varanlegur m.a. með tilliti til úrrennslis.
- Að framkvæmdaaðili borgi eina eftirlitsferð Umhverfisstofnunar með framkvæmdinni. Innheimt gjald er samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar 10.600ISK pr. klst. Áætlað er að eftirlit taki 4-5 klst.

Ef vel er staðið að plægingum eru ummerki um plógfarið fljót að dofna. Helstu sjónrænu áhrif framkvæmdarinnar ættu að verða stikun lagnaleiðar.

Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki hafa neikvæð áhrif á útivistargildi fólkvangsins.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur